

Orðanefnd læknafélaganna - 105

Fundur var haldinn mánudaginn 26. febrúar 2024 kl. 16:30 að Arngrímsgötu 5, Reykjavík, í Eddu, húsi Stofnunar Árna Magnússonar og var þetta 105. fundur nefndarinnar frá árinu 2012.

Mætt voru: Jóhann Heiðar Jóhannsson, formaður nefndarinnar, Gerður Aagot Árnadóttir, Reynir Tómas Geirsson, Magnús Jóhannsson og Ágústa Þorbergsdóttir, deildarstjóri á Stofnun Árna Magnússonar. Gestur fundarins var Jón G. Snædal, öldrunarlæknir.

1. Síðasta fundargerð:

Fundargerð 104. fundar (29. janúar 2024), sem hafði verið send nefndarmönnum í tölvupósti, var formlega samþykkt.

2. Orðanefndarvinnan:

- Dementia.** Haldið var áfram með listann frá 104. fundi vegna athugasemda sem borist höfðu frá nefndarmönnum og JHJ tók að sér að skrá tillögurnar og að koma orðum og orðalagi inn í færslurnar.
- Heiti í öldrunarlækningum.** Sérstakan íðorðalista fyrir öldrunarlækningar tókst ekki að finna með leit á netinu. Farið var yfir sex blaðsíðna orðalista með titlinum "Memory and Aging", sem JHJ hafði þó fundið á vefsíðu University of California San Francisco. Farið var sérstaklega yfir hver ensku heitanna gætu átt heima í Íðorðasafni lækna og tilsvarendi íslensk íðorð sem þegar er að finna í safninu. Gerðar voru ýmsar tillögur um lagfæringar og endurbætur. Næsta verk er svo að taka út allar færslurnar og gera orðalista sem kæmi til umræðu á nefndarfundi.

Næsti fundur. Vegna fyrirhugaðrar fjarveru nefndarmanna í mars var ekki gert ráð fyrir næsta fundi fyrr en mánudaginn 8. apríl og var fundarherbergið í Eddu bókað þann dag.

Fundi var slitið um kl. 17:30. Fundargerð ritaði JHJ.